

L Ö G

um breyting á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni,
nr. 34 frá 18. febr. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín til utanlandsflugs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19 11. febr. 1953, um ættleiðingu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með leyfi forseta Íslands, sem dómsmálaráðherra veitir í umboði hans, getur sá, sem orðinn er 25 ára, tekið að sér kjörbarn.

Nú ættleiða hjón barn og nægir þá að annað þeirra sé orðið 25 ára. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó veita leyfi til ættleiðingar þegar annað hjóna hefur náð 20 ára aldri.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 30. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.